

**Mál nr. 117/2020****M og  
V v/ slysatryggingar ökumanns ökutækisins X****Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna umferðarslyss 15. febrúar 2019.****Gögn.**

Málskot dags. 31. mars 2020 ásamt fylgigögnum.

Bréf V dags. 15. maí 2020 ásamt mynd af tjónsstað og úrskurði nefndarinnar í máli 53/2020.

**Málsatvik.**

M ók bifreiðinni X niður afrein frá Hafnarfjarðarvegi inn á Kársnesbraut þegar hann missti stjórn á bifreiðinni og lenti á ljósastaur. Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hann hafi misst síma sinn á gólf bifreiðarinnar og verið að teygja sig eftir honum þegar hann ók á ljósastaurinn. Í sömu skýrslu kemur fram að M hafi ekki vitað hversu hratt hann ók þegar hann missti stjórn á bifreiðinni, en lítil skemmd var á framstuðara bifreiðarinnar sem hann ók, líknarbelgir höfðu ekki sprungið út og engin ummerki voru um að M hafi hemlað bifreiðinni fyrir áaksturinn. Samkvæmt lýsingu í lögregluskýrslu voru aðstæður á vettvangi þannig að myrkur var, góð lýsing og ísing og hálka.

M varð fyrir meiðslum við óhappið og hefur krafist bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda X hjá V. M bendir á að mikið þurfi til að háttsemi sé metin sem stórkostlegt gáleysi og það að líta af vegi í örskotsstund, eins og M kveðst hafa gert, sé ekki slík háttsemi. M vísar til þess að hann hafi ekki verið á miklum hraða og lítil umferð hafi verið. M vísar einnig til dómaframkvæmdar í Hæstarétti máli sínu til stuðnings.

V hefur fallist á bótaskyldu að 2/3 hlutum en telur að skerða beri bætur að 1/3 hluta þar sem M hafi valdið tjóninu með stórkostlegu gáleysi með því að líta af vegi þar sem hann hafi ekið í nokkuð krappa beygju í átt að gatnamótum.

**Álit.**

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins ef vátryggður hefur valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið.

Samkvæmt gögnum málsins er ekki um það deilt að M beygði sig niður á gólf X til að ná í farsíma sinn, enda haft eftir M í lögregluskýrslu að þannig hafi aðstæður verið. Þó hraði bifreiðar hafi ekki endilega verið mikill þá er slík háttsemi er ámælisverð og felur í sér verulegt frávik frá þeirri varúðarskyldu sem hvíldi á M við akstur X, sbr. meðal annars 1. mgr. 4. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Verður þessi háttsemi virt honum til stórkostlegs gáleysis sem veitir V rétt til að skerða bætur til M um 1/3 hluta skv. heimild í 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga og eru aðstæður sem uppi voru í þeim dómum sem M vísar til í málskoti ekki sambærilegar. Samkvæmt þessu á M ekki rétt á frekari bótum úr slysatryggingu ökumanns en V hefur þegar fallist á að bæta honum.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á frekari bótum en sem nemur 2/3 hlutum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 23. júní 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.